

59. fundur hverfisnefndar Holta- og Hlíðarhverfis haldinn í Glerárskóla 15.10.2012

Mættir: Berglind Rafnsdóttir, Brynja Sigurðardóttir, Helgi Stefánsson, Guðmundur Geirsson og Óskar Ingi Sigurðsson.

Fundarefni.

Deiliskipulag Stórholt-Langholt, Lyngholt 16 framhald.

Berglind og Brynja í hverfisnefnd ásamt Láru íbúa að Lyngholti 16 áttu fund með Pétri Bolla Jóhannessyni skipulagsstjóra og Önnu Bragadóttur verkefnastjóra skipulagsdeildar. Á þeim fundi var farið vandlega yfir deiliskipulagið er varðar meðal annars tengingu að húsi númer 16 við Lyngholt.

Þann 3. október barst hverfisnefnd tölvupóstur með breytingu á deiliskipulaginu frá Önnu á skipulagsdeild þess efnis að í stað þess að hafa kvöð á stígnum sem liggur niður meðfram lóð nr. 16 þá sé gerð tillaga um að stígurinn breytist í götu eins og er að lóðum nr. 2a, 4a og 6a við Stórholt.

Þann 8. október barst svo aftur póstur frá Önnu með annarri breytingu á tengingu að húsi nr. 16 við Lyngholt eða sú að bæði ætti að koma gata og stígur í aðkomu að húsi nr. 16.

Þann 11. október var svo fundur í skipulagsnefnd þar sem tillaga að breyttu deiliskipulagi var samþykkt og verður tillagan svo tekin fyrir bæjarstjórn í þessari viku.

Nýtt deiliskipulag í hverfinu.

Nefndin viðraði þá hugmynd að þegar deiliskipulag vegna hverfisins okkar kæmi til auglýsingar væri gott að fá aðili frá skipulagsnefnd til að koma á fund hverfinefndar til að ræða málið. Á fundi með Pétri Bolla og Önnu hjá skipulagsdeild um daginn fannst nefndarmönnum þær fá allt aðra sýn á deiliskipulagið Hlíðahverfi-suðurhluta til að mynda.

Deiliskipulag Hlíðahverfis,suðurhluta, Akureyri.

Deiliskipulagið var kynnt með bréfi til hverfisnefnd þann 18/9/2012. Frestur var gefinn til 31.október 2012 fyrir hverfisnefnd til að koma með athugasemdir. Nefnarmenn ræddu þetta skipulag og sáu ástæðu til að athuga tvö atriði áður en svar yrði sent. Berglind mun senda fyrirspurnina á skipulagsdeild. Nefndarmenn vilja hins vegar koma fram ánægju sinni með breikkun á gangstígum í hverfinu í þessu deiliskipulagi meðal annars.

Samkeppni um nafn á leikskóla í hverfinu.

Nefndarmenn ráku augun í auglýsingu í blaði þar sem auglýst var eftir nafni á sameinaðan leikskóla. Verið er að sameina leikskólana Holtakot í hverfinu okkar og Síðusel í Síðuhverfi. Ákveðið var að senda fyrirspurn til Skóladeildar varðandi þessa sameiningu þar sem nefndarmenn voru með ýmsar vangaveltur varðandi þessa sameiningu og mun Berglind senda fyrirspurnina til skóladeildar.

Ekki fleira rætt að svo stöddu.

Næsti fundur hverfisnefndar verður 6. nóvember 2012 kl. 18:00 í Glerárskóla.

Ritað 15. október 2012

Brynja